



Rangárþing eystra
Rúnar Guðmundsson
Hlíðarvegi 16
860 Hvolsvöllur

11. júní 2003
Tilvísun: UST20030500092/6á

Efni: Deiliskipulag fyrir frístundabyggð í landi Múlakots I, Fljótshlíð

Vísað er til erindis byggingarfulltrúa Rangárþings Eystra, dags. 12 maí sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreint skipulag, m.t.t. svæða nr. 715 og 716 á náttúruminjaskrá. Er það í samræmi við 38. grein laga nr. 44/1999 um náttúruvernd þar sem fram kemur að leita skuli umsagnar og tilkynna Umhverfisstofnun um framkvæmdir þar sem hætta er á að spillt verði öðrum náttúruminjum á náttúruminjaskrá.

Þau svæði á náttúruminjaskrá sem um er fjallað eru Bleiksárgljúfur (nr. 715) og Merkjárfoss (nr. 716). Fyrirhuguð frístundabyggð mun rísa vestan Merkjárfoss, og austan Bleiksárgljúfurs.

Svæði á náttúruminjaskrá

Að mati Umhverfisstofnunar munu umrædd svæði á náttúruminjaskrá ekki verða fyrir áhrifum af fyrirhugaðri frístundabyggð, né heldur svæði nr. 717, Litli- og Stóri Dímon, sem staðsett er sunnan við fyrirhugaða byggð.

Umfang og ásynd

Umhverfisstofnun bendir á að hér er um verulega byggð að ræða. Í tillögunni er gert ráð fyrir byggingu 122 frístundahúsa, lengingu flugbrautar ásamt vegagerð að svæðinu. Því verður um umtalsverða ásyndarbreytingu að ræða á svæði einkennist af stórbrotnu útsýni og landslagsfegurð. Stofnunin telur því brýnt að vel sé staðið að hönnun og frágangi húsa og reglur umgengni á svæðinu í heild sinni séu sett í skipulags- og byggingarskilmála.

Fjarlægð frá ám og vötnum

Umhverfisstofnun bendir á að í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 er kveðið á um að þess skuli gætt að ekki sé byggt nær vötnum, ám eða sjó en 50 m og að ekki verði hindruð leið fótgangandi meðfram þeim. Stofnunin bendir enn fremur á III. kafla laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, þar sem fjallað er um almannarétt, umgengni og útivist. Þar kemur fram að tryggja skuli aðgengi almennings m.a. meðfram ströndum og vötnum. Umhverfisstofnun telur því að sú fimmtíu metra fjarlægð sem kveðið er á um í skipulagsreglugerð sé algjört

lágmark og að á útvistarsvæðum sé viðeigandi að fjarlægðin sé a.m.k. eitthundrað metrar.

Efnistaka

Í VI. kafla laga nr 44/1999 um náttúruvernd er fjallað um nám jarðefna. Þar kemur fram að öll efnistaka af landi og úr hafsbotni innan netalaga sé háð framkvæmdaleyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Þó er eiganda eða umráðamanni lands heimil *minniháttar* efnistaka til eigin nota, nema um sé að ræða jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd.


Ekki er fjallað um efnistöku í greinargerð með deiliskipulagi, en gera má ráð fyrir að byggingarframkvæmdunum fylgi töluverð efnisþörf. Bendir stofnunin á að efnistaka vegna þessa verks fellur ekki undir “minni háttar efnistöku til eigin nota” og er framkvæmdaraðila því skylt að leita framkvæmdaleyfis sveitarstjórnar fyrir námi jarðefna, nema efni sé tekið úr námu með starfsleyfi. Umhverfisstofnun bendir einnig á að sveitarstjórn er óheimilt að veita starfsleyfi fyrir efnistöku nema að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og hlutaðeigandi náttúruverndarnefnda.

Virðingarfyllst,



Helgi Jónsson

Forstöðumaður framkvæmda og eftirlitssviðs



Ólafur Árnason
Sérfræðingur

Afrit: Skipulagsstofnun